

# STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1997

Nr. 211

428

24. mars 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals.....	10.350 lestir
þ.a. Eldey.....	1.000 lestir
þ.a. Arnarfjörður.....	700 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp.....	2.300 lestir
þ.a. Húnaflói.....	2.100 lestir
þ.a. Skagafjörður.....	1.500 lestir
þ.a. Skjálfandi.....	1.000 lestir
þ.a. Óxarfjörður.....	1.750 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 704, 30. desember 1996, um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. mars 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

Nr. 212

21. mars 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á viðaukum I og II með reglugerð nr. 579/1989  
um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár,  
sbr. reglugerð nr. 410/1992.


1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á viðauka I við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992:  
Í stað litsins ljósbrúnn á varnarsvæði nr. 26 (Héraðshólf) kemur: Appelsínugulur.

2. gr.

Viðauki II með reglugerð nr. 410/1992 um breytingu á rg. nr. 579/1989 breytist til samræmis við þá breytingu sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar auglýsingar og verður viðauki II með reglugerðinni þannig:

## Viðauki II:

Litamerking búfjár á Íslandi  
SvæðaskiptingTíraunastöðin á Keldum  
og Yfirýralækknir.

## Varnarsvæði:

1. Landnámsból
2. Borgarfjarðarhólf syðra
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf syðra
8. Dalahólf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Miðvestfjarðahólf
12. Vestfjarðahólf
13. Rauðasandshólf
14. Arnarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vatnsnesshólf
17. Hunahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálfaðahólf
23. Öxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Norðausturlandshólf
26. Hérahólf
27. Austfjarðahólf
28. Suðurfjarðahólf
29. Suðursveitarhólf
30. Örnefahólf
31. Síðuhólf
32. Skaffartunguhólf
33. Álftavershólf
34. Mýrdalshólf
35. Fangaárhólf
36. Árnesshólf

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6/1986 um afreittar-málefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

**REGLUGERÐ**

**fyrir Lífeyrissjóð lækna.**

## 1. gr.

*Nafn og heimili.*

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður lækna.
- 1.2. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

## 2. gr.

*Hlutverk sjóðsins.*

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

## 3. gr.

*Sjóðfélagar.*

- 3.1. Sjóðfélagar geta orðið allir íslenskir lækna og þeir lækna erlendir sem starfa eða starfað hafa hér á landi skv. kjarasamningum lækna.
- 3.2. Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast félagar.
- 3.3. Þeir sem, óska að gerast sjóðfélagar, skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi á eyðublaði, er sjóðurinn lætur í té.
- 3.4. Stjórn sjóðsins getur krafist upplýsinga, þ.á m. læknisvottorðs um heilsufar manna, er sækja um upptöku, ef heilsu þeirra er svo háttáð, að verulega aukin áhætta fyrir sjóðinn stafi af.

## 4. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

- 4.1. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum og þremur til vara, er skulu vera sjóðfélagar.
- 4.2. Stjórn Læknafélags Íslands tilnefnir 2 menn í stjórnina og 2 til vara en aðalfundur sjóðsins kys 1 og 1 til vara.
- 4.3. Kjörtímabil er 3 ár og má eigi endurkjósa stjórnarmenn meira en 2 kjörtímabil í röð.
- 4.4. Stjórninni er skylt að halda gerðabók og færa í hana allar samþykktir sínar.
- 4.5. Stjórnin kys sér sjálf formann.
- 4.6. Stjórnin sér um rekstur sjóðsins samkvæmt reglugerð þessari.
- 4.7. Stjórnarsamþykkt er ekki lögleg nema a.m.k. tveir stjórnarmenn greiði henni atkvæði.